

## REGLUGERÐ

### um (7.) breytingu á reglugerð nr. 822/2010 um flutning úrgangs á milli landa.

#### 1. gr.

Á eftir q-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar kemur nýr stafliður svohljóðandi:

- r. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2002 frá 10. nóvember 2015 um breytingu á I. viðauka C og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs, sem vísað er til í tölulið 32c, V. kafla XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2016 frá 29. apríl 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27 frá 12. maí 2016, 2016/EES/27/62, bls. 1367-1397.

#### 2. gr.

##### *Innleiðing.*

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2002 frá 10. nóvember 2015 um breytingu á I. viðauka C og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs.

#### 3. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 43. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 18. júlí 2016.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*